

Vinnustund - Leiðbeiningar fyrir byrjendur

Innskráning í Vinnustund

Til að yfirfara vinnustund og laga færslur þurfa starfsmenn að fara inn á sitt svæði í Vinnustund.

Slóðin er: <https://isafjordur.vinnustund.is>

Notandanafn og lykilorð er það sama og er notað í tölvuaðgangi starfsmanna. Einnig er hægt að fara inn á Íslykli.



Notandanafn

Lykilorð

Innskrá

Innskráning með Íslykli

Smelltu á myndina fyrir neðan til þess að skrá þig inn í Vinnustund með Íslykli.




Skoða færslur og stimplanir

Í hliðarvali vinstra megin er farið í „Sjálfsþjónusta“ og þar valið „Tímar“. Þá birtist listi yfir færslur fyrir þá daga sem er vinnutími og stimplanir eftir atvikum.

Tímabil:  

Fyrir ofan færslurnar eru dagsetningargluggar sem hægt er að velja byrjunar- og lokadagsetningu. Til að skoða færslur á ákveðnu tímabili eru slegnar inn dagsetningar til og frá og valið „Leita“ til að kalla þær fram. Sem dæmi eru aukatímar, leyfis- og fjarvistaskráningar fyrir tímabilið 16.11.2018 til 15.12.2018 send til launa í desember launavinnslu.

Dagsetningar eru slegnar inn á þessu formi: [161118](#) og [151218](#)

Einnig er hægt að velja dagsetningu í dagatalstákninu hægra megin við dagsetningarreitina.  Athugið að ekki er hægt að skrá eða breyta færslum fyrir utan valið tímabil.

Fyrir hvern vinnudag verður til færsla með „Vinnutíma“ og ef starfsmaður hefur stimplað sig inn þann daginn skráist hún á línuna í dálk aðeins aftar. Lengst til hægri er svo útreikningur á vinnuskilum fyrir daginn (Yfirv). Starfsmenn sem hafa tiltölulega fastan vinnutíma hafa oft lítil frávik á vinnuskilum en þeir sem hafa sveigjanlegan vinnutíma geta haft nokkur frávik á milli daga (plús og mínus).

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir
										V T	Yfirv
Mið 21.11.2018	8.17 klst	+	A	07:59 - 16:26		07:59 - 16:26	08:27			S O	0,29

Vantar stimplun

Í þeim tilfellum sem vantar stimplun þarf að gera tímafærslu fyrir þá daga. Tímafærslan er búin til með því að ýta á plúsinn fyrir aftan vinnutímamann á þeim degi sem á að laga.

Útreikningur

Tímabil: 03.12.2018 - 04.12.2018 Vinnuskylða

+ Tímar - Fjarv. + Bakfæra

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir
										V T	Yfirv
Mán 03.12.2018	8.17 klst	+								S	-8,17
Pri 04.12.2018	8.17 klst	+								S	-8,17
											Yfirv
Samtals:						00:00	Samtals:				-16,34

Tvö dæmi

A) Starfsmaður gleymdi að stimpla sig inn 3. desember en var veikur 4. desember.

Farið í plúsinn 3. desember

þá kemur gluggi eins og til hægri

Vinnustund stingur upp á vinnutímanum til að einfalda vinnuna („Skráð inn“ og „út“)

Ef vinnutími var annar er tímaskráningum breytt

T.d. ef starfsmaður vann frá 8:00 til 15:30 er seinni tímanum breytt

Athugið að það er nóg að skrifa 1530 án tvípunkts

Svo valið „Vista“ til að skrá og geyma tímafærsluna

Skrá tímafærslu

Dagsetning stimplunar: 03.12.2018 03.12.2018

Skráð inn: 08:00 út: 16:10

Fjarvistategund:

Merking fyrirtækis:

Merking skipulagseiningar:

Skýring:

Vista Loka

Skrá tímafærslu

Dagsetning stimplunar: 03.12.2018 03.12.2018

Skráð inn: 08:00 út: 1530

Fjarvistategund:

Merking fyrirtækis:

Merking skipulagseiningar:

Skýring: Gleymdi stimplun

Vista Loka



Svo er farið í plúsinn 4. desember

Vinnustund stingur upp á vinnutímanum sem er látinn standa

Í fellilistanum „Fjarvistategund“ er svo valið „Veikindi starfsmanns“

Svo „Vista“ til að skrá og geyma

Skrá tímafærslu

Dagsetning stimplunar: 04.12.2018  04.12.2018 

Skráð inn: 08:00 út: 16:10

Fjarvistategund: **Veikindi starfsmanns**

Merking fyrirtækis: ▼

Merking skipulagseiningar: ▼





Skýring:

Vista Loka

Svona líta tímafærslurnar út eftir skráningu í *dæmi A*.

Útreikningur

Tímabil: 03.12.2018 - 04.12.2018 Vinnuskylda + Tímar - Fjarv. + Bakfæra

	Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir	
											V T	Veik-8000 Yfirv	
Mán	03.12.2018	8.17 klst	+		08:00 - 15:30	08:00 - 15:30	07:30			Gleymdi	S O	-0,67	
Pri	04.12.2018	8.17 klst	+		08:00 - 16:10	08:00 - 16:10	08:10	VEIK	8,17		S O	8,00	
												Veik-8000 Yfirv	
							Samtals: 15:40					Samtals: 8,00 -0,67	

Til hægri er komin nýr dálkur fyrir veikindaskráninguna (Veik-8000) sem er sent yfir til launa sem veikindadagur. Skráning í vinnuskilum (Yfirv) fer ekki til launa heldur er almennt haldið utan um það í uppsöfnuðum vinnuskilum á milli mánaða (ekki farið nánar í það hér).

B) Starfsmaður var veikur 3. og 4. desember

Veikindi og aðrar fjarvistir og leyfisskráningar er hægt að skrá á margra samfellda daga í einni færslu.

Farið í plúsinn 3. desember



Seinni dagsetningunni breytt í 4. desember

Tími í „Skráð inn“ og „út“ tekin út

Í fellilistanum „Fjarvistategund“ er svo valið „Veikindi starfsmanns“

Svo „Vista“ til að skrá og geyma

Skrá tímafærslu

Dagsetning stimplunar: 03.12.2018  04.12.2018 

Skráð inn: út:

Fjarvistategund: **Veikindi starfsmanns**

Merking fyrirtækis: ▼

Merking skipulagseiningar: ▼

Skýring:

Vista Loka

Svona líta tímafærslurnar út eftir skráningu í *dæmi B*.

	Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir	
											V T	Veik-8000	
Mán	03.12.2018	8.17 klst	+		08:00 - 16:10	08:00 - 16:10	08:10	VEIK	8,17		S O	8,00	
Pri	04.12.2018	8.17 klst	+		08:00 - 16:10	08:00 - 16:10	08:10	VEIK	8,17		S O	8,00	
												Veik-8000	
							Samtals: 16:20					Samtals: 16,00	

Lagfæra/breyta stimplun

Tvö dæmi

C) Starfsmaður stimplaði sig inn hálf tíma eftir að hann mætti

Ef það þarf að laga eða breyta stimplun er það gert með tímafærslu en hún yfirskrifar stimplun.

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir
										V T	Yfirv
Mán 26.11.2018	8.17 klst	+	08:08 - 18:56		08:08 - 18:56	10:48				S O	2,63
											Yfirv
						Samtals: 10:48					Samtals: 2,63

Til að breyta (yfirskrifa) stimplun er músarbendillinn færður yfir stimplunina og valin með vinstri músarsmelli. Þá kemur gluggi eins og áður nema hér birtast stimplunar færslurnar líka fyrir ofan.

Starfsmaður mætti fyrr og breytir því innstimplun í 07:40 (skrifað 0740 í reitinn). Einnig þarf að skrá útstimplun sem er óbreytt

Ágætt að skrifa skýringu

Svo „Vista“ til að skrá og geyma

Tímaskráning Breyta/Eyða

Stimplun inn: 08:08 út: 18:56

Dagsetning stimplunar: 26.11.2018 til: 26.11.2018

Skráð inn: 0740 út: 1856

Fjarvistategund:

Merking fyrirtækis:

Merking skipulagseiningar:

Skýring: Gleymdi innstimplun.

Tímafærslan yfirskrifar stimplun og hefur breytt heildarvinnutíma („Heildart“) og tímum í vinnuskil (Yfirv)

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir
										V T	Yfirv
Mán 26.11.2018	8.17 klst	+	08:08 - 18:56	07:40 - 18:56	07:40 - 18:56	11:16			Gleymdi	S O	3,10
											Yfirv
						Samtals: 11:16					Samtals: 3,10

D) Starfsmaður tók leyfi vegna veikinda barna upp úr kl. 11:00

Svona lítur færslan út fyrir daginn (óbreytt).

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir
										V T	Yfirv
Fös 30.11.2018	8.17 klst	+	08:14 - 11:17		08:14 - 11:17	03:03				S O	-5,12
											Yfirv
						Samtals: 03:03					Samtals: -5,12

Í þessu tilfalli er stimplun látin standa en þess í stað búin til önnur færsla sama dag með því að velja plúsinn.

Skrá tímafærslu

Vinnustund stingur upp á að fylla upp í vinnutíma dagsins (11:17-16:10)

Í fellilistanum „Fjarvistategund“ er svo valið „Veikindi barna“

Svo „Vista“ til að skrá og geyma

Skrá tímafærslu

Dagsetning stimplunar: 30.11.2018 til: 30.11.2018

Skráð inn: 11:17 út: 16:10

Fjarvistategund: Veikindi barna

Merking fyrirtækis:

Merking skipulagseiningar:

Skýring:

Svona líta tímafærslurnar út eftir skráningu í *dæmi D*.

Dags hefst	Vinnutími	Ath	Stimplun	Tímafærsla	Reiknifors	Heildart	Fjarvist/ Aukatími	Tímafj/Ein	Merking/ Skýring	Staða	Launategundir	
										V T	VeikB- 8010	Yfirv
Fös 30.11.2018	8.17 klst	+ A		08:14 - 11:17		08:14 - 11:17	03:03			S O		-5,12 i
Fös 30.11.2018		+ A		11:17 - 16:10		11:17 - 16:10	04:53	VBARN	4,88	O		4,78 4,88 i
											VeikB- 8010	Yfirv
Samtals:						07:56					Samtals:	4,78 -0,24

Stimplunin stendur óbreytt eins og áður en það er komin aukafærsla á sama dag vegna veikinda barna. Ekki er hægt að skrá veikindi barna fyrir utan vinnuramma dagsins (8:00-16:10 hjá þessum starfsmanni). Veikindi barna er alltaf talin í tímum og eru send þannig til launa.

Almennt um tímafærslur og launatímabil

Tímafærslum er hægt að breyta og eyða ef það er ekki búið að senda aukatíma, leyfis- og fjarvistaskráningar fyrir tímabilið til launa (T.d. þá þurfa forstöðumenn að skila tímabilinu 16.11.2018 til 15.12.2018 til launa í síðasta lagi 18. desember 2018).

Launafulltrúar geta bakfært eldri færslur sem hafa verið sendar til launa og forstöðumenn lagfært og gert nýjar færslur (þess gerist þó ekki oft þörf).

Með því að smella á hjálpartakkann efst til hægri  má nálgast frekari leiðbeiningar og upplýsingar um kerfið.